



**Markmið:**

- Nemendur kynnist frumhugtökum Evklíðskrar rúmfræði.
- Nemendur þekki hornasummu þríhyrninga og geti notað þá þekkingu við lausn viðfangsefna.
- Nemendur læri að notfæra sér reglur um hringi og horn við þá.
- Nemendur tileinki sér reglu Pýþargórasar og reglur um einslaga þríhyrninga.
- Nemendur þjálfist í flatarmáls- og rúmmálsreikningum.
- Nemendur kynnist skilgreiningum á hornaföllum, þ.e. sínus, cosínus og tangens og reglum um þríhyrninga leiddum af þeim.

Stefnt er að því að upplýsingatækni geti orðið hjálpartæki í áfanganum.

**Kennslubækur og önnur kennslugögn:**

- SKO-Horna og rúmfræði, útgáfa 2021 eftir Kjartan Heiðberg og Hilmar Friðjónsson
- Ljósritað ítarefni frá kennara.
- Vasareiknir (scientific), reglustrika og gráðubogi.
- Nemendum er bent á að notfæra sér stærðfræðivefinn **rasmus.is** (frekari upplýsingar hjá kennara).

**Námsmat:**

Námsmat byggir á:

1. Árangri á kaflapróf/skyndipróf/tímaverkefni (40%).
2. Árangri á skriflegu lokaprófi (60%).

Vetrareinkunn reiknast inn í lokaeinkunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í kennsluáætlun. Þó mun hún ekki hækka lokaeinkunn nemenda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

**Verkefnaskil og próf:**

Á önninni verða lögð fyrir 4 lotupróf ásamt heimaðæmum og ýmsum verkefnum.

**Nemanda er skylt að taka öll lotuprófin nema lögmæt forföll komi til. Sé nemandi fjarverandi þá kennslustund sem tilkynnt hefur verið um próf fær hann einkunnina 0 fyrir þann námsþátt, nema lögmæt forföll komi til.**

**Til athugunar:**

Sérstök áhersla er lögð á að nemendur sýni vandvirkni, nákvæmni og öguð vinnubrögð við frágang. Þess er krafist að nemendur setji fram útreikninga og niðurstöður á skýran og greinargóðan máta. Slæmur frágangur hefur í för með sér lægri einkunn. Fjarvera úr kennslustund lengur en 10 mínútur jafngildir F í viðveruskrá.

**Áætlun um yfirferð í áfanganum:**

Lota:	Vika	Efnisatriði	Blaðsíðutal	
1	33-38	Kaflar 1-2	1-40	Lotupróf 1 í lok 38. viku.
2	39-42	Kaflar 3-4	41-67	Lotupróf 2 í lok 42. viku.
3	43-45	Kaflar 5	69-83	Lotupróf 3 í lok 45. viku.
4	46-48	Kaflar 6-7	105-114	Lotupróf 4 í lok 48. viku
	49.vika	Upprifjun		

Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

**Athugasemdir og skýringar:**

Nemendur eru hvattir til að nýta sér viðtalstíma kennara, en tímasetning þeirra verður auglýst fljótlega.

Nemandi skal alltaf mæta í kennslustundir með þau gögn og verkfæri sem til er ætlast. Ef út af þessu bregður getur kennari skráð **F** á viðkomandi nemanda.

FSu. 16. ágúst 2023

Með ósk um góðan árangur á önninni.

Kjartan Ólason, Magnús Másson